



## Efnahagsmál og kjaramál

### Staðan

Á liðnu ári hafa orðið stórfelldar breytingar í íslensku efnahagslífi. Við göngum nú í gegnum miklar efnahagsþrengingar þar sem landsframleiðslan dregst mikið saman, atvinnuleysi eykst og kaupmáttur lækkar. Við fall bankanna lækkaði gengi krónunnar mikið, skortur varð á gjaldeyri og sett voru á gjaldeyrishöft. Það jók enn á vandann að Bretar settu á okkur hryðjuverkalög vegna deilna um Icesave-reikningana. Samkomulag náðist í júní 2009 um að Tryggingasjóður innstæðueigenda ábyrgist 20.887 evrur á hvern reikning og Hollendingar og Bretar veittu Tryggingasjóði lán gegn ríkisábyrgð til að standa skil á þeim greiðslum. Málinu er þó enn ekki lokið vegna fyrirvara sem Alþingi setti við ríkisábyrgðina.

Í nóvember 2008 leituðu íslensk stjórnvöld til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nágrannaþjóða eftir aðstoð. Aðstoðin fékkst í formi sérfræðiaðstoðar og lána til að byggja upp gjaldeyrisvaraforða. Á móti skuldbundu stjórnvöld sig til að fylgja sameiginlegri efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Vegna erfiðleika við endurfjármögnun bankanna og deilna um Icesave hafa orðið tafir á greiðslu annars hluta lánsins frá AGS og lánanna frá nágrannaþjóðum.

Mikilvæg skref hafa verið stigin í átt til endurreisnar efnahagslífsins. Auk samkomulagsins við AGS náðist viðtæk sátt um endurreisn efnahagslífsins með gerð Stöðugleikasáttmálans, búið er að sækja um aðild að ESB, endurreisn bankanna er langt komin og fyrir liggur áætlun um hvernig unnið verður á miklum halla ríkissjóðs.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert er ljóst að næstu ár verða okkur erfið. Ný spá fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir miklum samdrætti og erfiðu atvinnuástandi næstu misserin, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu:

<b>Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, október 2009</b>				
Magnbreytingar frá fyrra ári	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>
Einkaneysla	-7,80%	-17,40%	-6,10%	-0,50%
Samneysla	4,60%	-1,90%	-1,30%	-1,70%
Fjárfestingar	-20,40%	-45,50%	10,20%	21,50%
Útflutningur	7,10%	-1,40%	2,00%	2,90%
Innflutningur	-18,30%	-30,00%	-1,80%	3,60%
Hagvöxtur	1,30%	-8,40%	-1,90%	2,80%
Atvinnuleysi í %	1,60%	8,60%	10,60%	9,00%
Kaupmáttur tímakaups	-3,60%	-7,60%	-2,30%	1,90%
Kaupmáttur	-6,40%	-10,40%	-11,40%	-0,40%
Verðbólga	12,40%	11,90%	5,00%	2,30%
Stýrivextir - meðaltal	15,80%	13,90%	8,70%	8,00%
Gengisvísitalan	166,4	223,4	234,5	224,4

## **Viðbrögð ASÍ**

Þegar í upphafi þessarar kreppu gerði forysta ASÍ sér grein fyrir alvarleika þeirrar stöðu sem upp var komin og krafði stjórnvöld um skýra afstöðu og stefnufestu í viðbrögðum þar sem allra leiða yrði leitað til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika og forða algjöru efnahagslegu hruni. Skipta má áherslum ASÍ í nokkra meginflokka:

- Stöðugleika í gengi og verðlag þannig að trúverðugur grundvöllur skapist fyrir efnahagslíf framtíðarinnar.
- Aðgerðir til að verja hag heimilanna.
- Verja hag þeirra tekjulægstu með því að standa vörð um umsamdar taxtahækkningar í kjarasamningi.
- Aðgerðir til að tryggja uppbyggingu atvinnulífsins og koma í veg fyrir verulegt atvinnuleysi.
- Koma á jafnvægi í rekstri hins opinbera.
- Hertar reglur um fjármálakerfið og trúverðugt uppgjör við fortíðina.
- Krafa um að endurreisnin verði byggð á siðferði og samfélagslegri ábyrgð.

Þegar á *ársfundi ASÍ* í október 2008 voru lagðar fram fjölmargar tillögur um það hvernig verja ætti stöðu heimilanna og standa að uppbyggingu efnahagslífsins. Við *endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2009* áréttuðu ASÍ og SA þau atriði sem mikilvægt væri að ráðast í til varnar heimilunum og eflingu atvinnulífsins. Á *aukaársfundi ASÍ* í mars 2009 voru staða heimilanna, efling atvinnulífs og efnahagslífs aðal málefni fundarins. Við *endurskoðun kjarasamninga í júní* náðist viðtæk sátt milli verkalyðshreyfingarinnar, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um *Stöðugleikasáttmála* sem ætlað

er að vera einskonar leiðarvísir okkar út úr kreppunni. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu áhersluatriðum á ársfundunum ASÍ og við framangreindar tvær endurskoðanir á kjarasamningum.

#### Áherslur ASÍ á ársfundi 2008:

- Brýnasta verkefnið í stjórn efnahagsmála er að treysta atvinnu og koma í veg fyrir að eignir heimila og fyrirtækja brenni upp í háum vöxtum og verðbólgu vegna veikingar krónunnar með því að:
  - Leita eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í formi lánaþyrngreiðslu og ráðgjafar um mótun nýrrar efnahagsstefnu til næstu ára. Slíkt hjálpar okkur að öðlast trúverðugleika.
  - Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands afar mikilvægt að stjórnvöld fylgi lánaþyrngreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir með því að tryggja stöðugan gjaldmiðil til framtíðar.
    - Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. ASÍ telur að yfirlýsing um að stefnt verði að aðild að evrópska myntsamstarfinu (ERM II) á næstu 2 árum myndi leggja mikilvægan grunn að því að hægt yrði í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að skapa nauðsynlegan trúverðugleika fyrir meiri festu í skráningu krónunnar á næstu árum þangað til full aðild að Evrópska peningamálasamstarfinu (EMU) og upptaka evrunnar næðist.
  - Í þriðja lagi er mikilvægt að framlengja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og gera samkomulag við samtök opinberra starfsmanna um sameiginlega launastefnu, þar sem öllu launafólki verði tryggðar sambærilegar launahækkanir bæði á þessu ári og á næstu tveimur árum.
  - Þá var á fundinum einnig fjallað um endurreisn atvinnulífsins, leiðir til framtíðaruppbyggingar og mikilvægi þess að herða reglur um fjármálakerfið og gera upp málefni fortíðarinnar. Sjá nánar kafla um atvinnumál og endurreisn.

#### Áherslur ASÍ og SA við endurskoðun kjarasamninga í febrúar:

- Aðilar telja að þessi frestun sé mikilvægur þátt í því endurreisnarstarfi sem við blasir en meira þarf að koma til. Á næstu dögum og vikum þarf að grípa til margvíslegra aðgerða til þess að verja hag heimilanna og fjölga störfum, m.a. að:
  - Tryggja að vextir lækki hratt

- Stíga veigamikil skref til að losa um gjaldeyrishömlur
- Ljúka endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist á.
- Stuðla að aukinni atvinnu m.a. með því að ráðast í mannaflsfrekar opinberar framkvæmdir, hækka endurgreiðslu á vsk. af vinnu við nýbyggingar og viðhald, rýmka útlánaheimildir íbúðalánasjóðs til viðhaldsverkefna ofl., taka upp skattaívilnanir vegna rannsókna og þróunar, stofna fjárfestingarsjóð atvinnulífsins og stuðla að erlendri fjárfestingu.
- Vinna að forgangsroðun í opinberum fjármálum fyrir næstu ár."

Á aukaársfundi ASÍ í mars 2009 voru eftirfarandi áherslur samþykktar:

– **Bráðaaðgerðir fyrir heimili og fyrirtæki.**

- Verja gildandi kjarasamninga, einkum hækkun kauptaxta, þannig að þeir verði komnir til framkvæmda fyrir lok samningstímans.
- Að vextir lækki hratt.
- Tryggja skuldsettum heimilum viðunandi úrræði til að takast á við minnkandi kaupmátt, aukið atvinnuleysi, vaxandi skuldir og lækkandi húsnæðisverð.- sjá nánar undir hag heimilanna.
- Varða þarf leiðina út úr gjaldeyrishöftunum.
- Ljúka endurskipulagningu bankanna þannig að eðlileg bankastarfsemi komist á.
  - Ljúka mati á eignum „nýju“ og „gömlu“ bankanna og stilla upp efnahagsreikningum þeirra.
  - Semja við erlenda lánadrottna um að þeir gerist eignaraðilar að bönkunum á mótí ríkinu.
  - Setja bönkunum verklagsreglur sem tryggja jafnræði við endurfjármögnun fyrirtækjanna.
  - Bankarnir þjóði fyrirtækjum greiðslujöfnun gengis- og verðtryggðra skulda til að koma í veg fyrir greiðsluþrot.
  - Tryggja eðlilega lausafjármögnun fyrirtækja, m.a. með því að koma á endurkaupa- og afurðalánakerfi hjá Seðlabanka Íslands og tímabundnum útflutningsábyrgðum.
- Þá var einnig fjallað um að;
  - Stuðla þurfi að aukinni atvinnu
  - Herða verði regluverk um fjármálamarkaðinn og tryggja stöðu launafólks
  - Skapa aðstæður fyrir stofnun sérstaks fjárfestingarsjóðs sem hafi það hlutverk að koma að uppbyggingu atvinnulífsins
  - Stuðla þurfi að fjárfestingum erlendra aðila héraðs.
  - Skapa aðstæður fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki á alþjóðamarkaði til að fjárfesta frekar innanlands.

- Tryggja þarf öflugt samkeppniseftirlit og virka neytendavernd til þess að vinna gegn því að rekstrarerfiðleikar og samruni fyrirtækja hafi skaðleg áhrif á samkeppni og auki hér fákeppni.

#### – Stöðugleiki

- Koma á stöðugleika.
  - Stefna að upptöku evru svo fljótt sem verða má.
  - Hagstjórnin miði við að Ísland uppfylli sem fyrst ákvæði stöðugleikasáttmála ESB, en þau eru einnig skilyrði sem ESB setur fyrir upptöku evru (Maastricht skilyrðin).

#### – Rekstur hins opinbera

- Það er forgangsmál að koma á jafnvægi í rekstri ríkis og sveitarfélaga til að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun hins opinbera og hækkun raunvaxta.
  - Slíkt verður ekki gert nema með hagræðingu á öllum sviðum. Breyta þarf forgangsröðun án skerðingar á grunnþjónustu velferðarkerfisins.
  - Mikilvægt er að verkalýðshreyfingin komi að umræðu um breytta forgangsröðun og nauðsynlegar breytingar á skattkerfinu.
  - Alþýðusambandið leggur áherslu á að þeir tekjuhærri beri stærri hluta byrðanna þannig að þeim tekjulægri verði hlífð við skattahækkunum.

Í júní var gengið frá stöðugleikasáttmála í tengslum við endurskoðun kjarasamninga.

Í sáttmálanum var fjallað um eftirfarandi þætti;

#### – Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum

- Ríkisstjórnin hefur kynnt samningsaðilum áform sín um aðgerðaráætlun í ríkisfjármálum 2009 – 2013. Mikilvægt er að ná jöfnuði í ríkisfjármálum sem allra fyrst og þá mögulega fyrr en gert er ráð fyrir í sameiginlegri áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
- Samstaða er um eftirfarandi fyrir tímabilið 2009 – 2011:
  - -Í ljósi þess að tekjustofnar ríkisins dragast mikið saman er mikilvægt að hlutdeild tekjuöflunar í aðgerðunum verði ekki of mikil. Skattar verði lækkandi hlutfall aðlögunaraðgerða eftir yfirstandandi ár og ekki samtals hærra en 45% þeirra fyrir árin 2009 – 2011.
  - -Fjárlagafrumvarp fyrir 2010 verði í samræmi við framlagða áætlun og samhliða liggi fyrir eins og kostur er, endanleg og nákvæm útfærsla vegna 2011 ásamt nauðsynlegum lagabreytingum. Virku samráði verði haldið áfram um undirbúning þessara áætlana í sumar og haust.

- -Náist markmið þessa sáttmála um hraðari endurreisn efnahags- og atvinnulífs og verulega minna atvinnuleysi en nú er spáð verði það svigrúm sem við það skapast nýtt til að verja betur velferðarkerfið, draga úr skerðingum tryggingabóta og skattahækkunum. Gangi endurreisnin hægar en nú er spáð eru aðilar sáttmálans sammála um nauðsyn þess að endurskoða aðhaldsaðgerðirnar í því ljósi, m.a. hagræna skiptingu tekna- og gjaldahliðar ríkisfjármála.
- **Bætt staða lántakenda og skuldsettra heimila** – sjá nánar hag heimilanna
- **Framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu** – Ríkisstjórnin mun greiða götu stórfamkvæmda og hraða undirbúningsvinnu vegna fjárfestinga t.d. í gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Gengið veður til samstarfs við lífeyrissjóði um fjármögnun stórra framkvæmda.
- **Endurreisn bankanna** -Eigendastefna ríkisins gagnvart bönkunum feli í sér að erlendir aðilar geti eignast meirihluta í einhverjum nýju bankanna Endurskipulagningu á eignarhaldi bankanna verði lokið 1. nóvember 2009.
- **Endurreisn atvinnulífsins og samfélagsleg ábyrgð** - Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins móti sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins.
- **Hömlur á gjaldeyrisviðskipti**
  - Hömlum á gjaldeyrisviðskiptum verði aflétt í áföngum í samræmi við tímasetta áætlun ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að koma stöðugleika á gengi íslensku krónunnar. Áætlunin verði lögð fram fyrir 1. ágúst og taki mið af lausn á vanda vegna fjármagnsflæðis úr landi. Leitast verði við að aflétta hömlum á nýrri fjárfestingu fyrir 1. nóvember 2009.
  - Meðal þeirra leiða sem reynt verði að fara er að erlendir aðilar fái uppgerðar kröfur sínar í krónum á hendur ríki eða Seðlabanka með skuldabréfum til langs tíma í evrum eða öðrum erlendum gjaldmiðlum. Þá verði látið reyna á áhuga lífeyrissjóðanna á að koma að viðskiptum við erlenda aðila sem eiga eignir í íslenskum krónum.
- **Málefni sem snúa sérstaklega að sveitarfélögum** – Efla samstarf ríkis og sveitarfélag á sviði efnahagsmála og skipaður verði samráðshópur til að fjalla um leiðir til að standa vörð um grunnþjónustu.
- **Málefni lífeyrissjóða** – Lífeyrismál verði tekin til heildarendurskoðunar með aðkomu ríkisstjórnar, sveitarfélaga og aðilar vinnumarkaðarins og fjallað um framtíðarsýn í málaflokknum.

- **Lækkun vaxta** - Aðilar vinnumarkaðarins treysta því að með þessum stöðugleikasáttmála skapist forsendur fyrir því að stýrivextir lækki í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember 2009 og að þeir og aðrir vextir bankans fari síðan áfram lækkandi.
- **Samstarf um eftirlit á vinnumarkaði og vinnustaðaskírteini** til að tryggja umsamin réttindi og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi.
- **Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008.**

## Kjaramál

Áherslur kjarasamninganna frá 17. febrúar 2008 voru að tryggja þeim tekjulægstu sérstakar hækkanir og þeim sem setið höfðu eftir í þenslu liðinna ára. Þetta var annars vegar gert með því að hækka lágmarkstaxta verulega og hins vegar með því að markaðslaun hækkuðu samkvæmt launaþróunartryggingu, þar sem frá almennri launahækkun mátti draga launaskrið liðið ár.

Markmið kjarasamninganna frá 17. febrúar 2008 voru annars vegar að hér kæmist á stöðugleiki og hins vegar að lægstu launin hækkuðu sérstaklega. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að við hrun bankakerfisins hurfu allar vonir um stöðugleika.

Verkalýðshreyfingin hefur lagt sig fram um að koma í veg fyrir að Samtök atvinnulífsins nýttu sér forsenduákvæði kjarasamninganna til að segja samningum lausum. Ástæður þess eru tvær. Sú fyrri er að við núverandi aðstæður í efnahagslífinu þurfum við á öllu öðru að halda en óvissu og ófriði á vinnumarkaði. Sú síðari er að ef okkur tekst að tryggja framhald samninganna þá náum við að verja kaupmátt lægstu taxta. Ef ekki kemur til uppsagan kjarasamninga í nóvember áætlað hagdeildin að mv. spá Seðlabankans um verðbólgu á tímabilinu, muni kaupmáttur lágmarkstaxta breytast skv. eftirfarandi á samningstímanum, þ.e. frá febrúar 2008 til nóvember 2010:

- Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf: +3,9%
- Lágmarkstaxti SGS og Flóabandalags: +3,6%
- Lágmarkstaxti iðnaðarmanna: Óbreytt
- Lágmarkstaxti verslunarmanna: +2,7%

Slíkt er ekki sjálfgefið þegar haft er í huga að almennur kaupmáttur launa rýrnað um 11,4% á tímabilinu frá febrúar 2008 til ágúst 2009.